

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 7. tölul. verður svohljóðandi: *Fagfjárfestar*:

- a. Lögaðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, önnur fjármálaufyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi, vátryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á og hrávörumiðlanir.
- b. Lögaðilar sem hvorki hafa starfsleyfi né sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörk-uðum, en hafa einungis þann tilgang að fjárfesta í verðbréfum.
- c. Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar, alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
- d. Aðrir lögaðilar sem uppfylla ekki tvö af þeim þremur skilyrðum sem sett eru fram í f-lið.
- e. Einstaklingar búsettir á Íslandi, óski þeir skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkenndir sem fagfjárfestar og uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skil-yrðum:
 - i. fjárfestir hefur átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,
 - ii. verðgildi verðbréfaeignar fjárfestis nemur meira en 41,8 millj. kr.,
 - iii. fjárfestir gegnir eða hefur gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu á fjármálamark-aði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.
- f. Lítill og meðalstór fyrirtæki með skráða skrifstofu á Íslandi, óski þau skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkennd sem fagfjárfestar. Með litlum og meðal-stórum fyrirtækjum er átt við félög sem samkvæmt síðasta ársreikningi eða sam-stæðureikningi sínum uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum:
 - i. meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu var innan við 250,
 - ii. niðurstöðutala efnahagsreiknings fór ekki yfir 3,6 milljarða króna,
 - iii. hrein ársvelta fór ekki yfir 4,2 milljarða króna.
- b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir þá einstaklinga og þau litlu og meðalstóru fyrir-tæki sem það hefur viðurkennt sem fagfjárfesta. Skráin skal vera aðgengileg útgefendum verðbréfa.

Einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem skráð eru sem fagfjárfestar hjá Fjármálaeftirlitinu er hvenær sem er heimilt að láta taka sig af skránni.

Einstaklingar og lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru á skrá sem fagfjárfestar hjá lög-bærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu teljast einnig fagfjárfestar á Íslandi.

Fjárhæðir í 7. tölul. 1. mgr. eru bundnar við gengi evru (EUR) miðað við gengi hennar 4. janúar 2005 (83,54 kr.).

2. gr.

Í stað „24. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: 28. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Ákvæði kafla þessa taka til almennra útboða verðbréfa og skráningar verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.

- b. Í stað orðanna „héraðs- eða sveitarstjórnum“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: svæðis- eða staðaryfirvöldum ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.
- c. Í stað orðanna „héraðs- eða sveitarstjórna“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: svæðis- eða staðar-yfirvalda ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.
- d. Á eftir orðinu „endurgreiðslu“ í c-lið 6. tölul. 2. mgr. kemur: innborgunar.
- e. 7. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: verðbréf boðin í útboði þar sem heildarfjárhæð útboðsins er lægri en 210 millj. kr., sbr. þó 73. gr. laga þessara; heildarfjárhæð útboðsins skal miðuð við 12 mánaða tímabil.
- f. Í stað „2., 4., 6. eða 7. tölul. 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 2., 4., 7. eða 8. tölul. 2. mgr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sett eru á markað“ í lokamálslið 1. tölul. kemur: eru markaðsett og/eða seld.
- b. 3. tölul. verður svohljóðandi: *Grunnlýsing*: Lýsing sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf sem boðin eru almenningi eða sem ætlunin er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað, og að vali útgefanda, endanlega skilmála útboðs.
- c. Í stað orðsins „umsjónaraðila“ í 6. tölul. kemur: ábyrgðaraðilum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Þegar um er að ræða lýsingu vegna skráningar á skipulegan verðbréfamarkað á verðbréfum sem eru ekki hlutabréfatengd og sem eru í einingum sem nema að lágmarki 4,2 millj. kr. að nafnverði er ekki skylda að útbúa samantekt.

- b. B-liður 6. mgr. verður svohljóðandi: þegar verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd eru gefin út með samfelldum og endurteknunum hætti af lánastofnunum,
 - i. þar sem andvirði útgáfu verðbréfanna er samkvæmt landslögum bundið í eignum sem veita nægjanlega tryggingu fram að gjalddaga vegna skuldbindinga samkvæmt verðbréfunum,

- ii. þar sem andvirði bréfanna er fyrst og fremst ætlað að greiða upp gjaldfallinn höfuðstól og vexti ef lánastofnun verður ógjalfær, sbr. þó XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki.

6. gr.

Í stað „1. mgr. 26. gr.“ í 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: 1. mgr. 24. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. B-liður 1. tölul. verður svohljóðandi: verðbréf eru boðin færri en 100 aðilum, öðrum en fagfjárfestum, í hverju ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
- b. Við d-lið 1. tölul. bætist: hver eining.
- c. Við e-lið 1. tölul. bætist: og miðast útreikningurinn á þeim mörkum við 12 mánaða tíma-bil.
- d. Á undan orðinu „seld“ í 2. másl. 1. tölul. kemur: markaðssett og/eða.
- e. Í stað orðsins „Útboð“ í 2. tölul. kemur: Almenn útboð.
- f. E-liður 2. tölul. verður svohljóðandi: verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum eða stjórnar-mönnum félaganna; að því gefnu að verðbréfin sem boðin eru séu í sama flokki og þau verðbréf sem þegar hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrilliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra verðbréfa ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft.
- g. Í stað orðanna „skráður á skipulegum verðbréfamarkaði“ í a-lið 3. tölul. kemur: skráður á sama skipulega verðbréfamarkaði.
- h. Orðið „fastráðnum“ í f-lið 3. tölul. fellur brott.
- i. Í stað orðanna „eðli hlutanna“ í f-lið 3. tölul. kemur: eðli verðbréfanna.
- j. Á undan orðunum „skipulegum verðbréfamarkaði“ í i. lið h-liðar 3. tölul. kemur: við-komandi.
- k. ii. liður h-liðar 3. tölul. verður svohljóðandi: þegar um er að ræða verðbréf sem fyrst eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eftir gildistöku þessara laga skulu verðbréfin hafa verið skráð á viðkomandi skipulegan verðbréfamarkað á grundvelli staðfestrar lýsingar sem birt hefur verið í samræmi við sambærilegar reglur og eru í lögum þessum og reglu-gerð, sbr. 73. gr.
1. iv. liður h-liðar 3. tölul. verður svohljóðandi: viðvarandi skyldum fyrir viðskiptum með bréfin á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði hefur verið fullnægt.

8. gr.

Í stað „29. gr.“ í 2. og 3. mgr. 32. gr. laganna kemur: 33. gr.

9. gr.

Í stað „28. gr.“ tvívegis í 34. gr., í 1. mgr. 35. gr. og í 1. tölul. 1. mgr. 75. gr. laganna kemur: 32. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 76. gr. laganna:

- a. Í stað „2. mgr. 21. gr.“ í 1. tölul. kemur: 1. mgr. 22. gr.

- b. 2. tölul. verður svohljóðandi: upplýsingar í lýsingu skv. 23. gr. og.
- c. Í stað „26. gr.“ í 3. tölul. kemur: 30. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.